BRÁÐABIRGÐALÖG

2

24. jan.

um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að þegar útbúin voru lög nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, hafi fallið niður ein setning úr texta 2. gr. nefndra laga, um tekjuskatt þeirra, sem hafa skattskyldar tekjur undir 1000 krónum.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935" í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs, komi orðin:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr. greiðist af honum 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 24. janúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.